

REGLUGERÐ

um gjald fyrir afhendingu gagna hjá ársreikningaskrá.

1. gr.

Ársreikningaskrá skal samkvæmt 4. mgr. sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, birta gögn sem skilaskyld eru sbr. 3. gr. laganna, án endurgjalds á vefsvæði Skattsins. Ríkisskattstjóri skal innheimta gjald svo sem nánar er tilgreint í reglugerð þessari fyrir annars konar afhendingu gagna.

2. gr.

Aðgangur að gögnum úr ársreikningaskrá í vefþjónustu eða uppflöttikerfum

Gjald fyrir aðgang að gögnum úr ársreikningaskrá í lokuðu uppflöttikerfi, vefþjónustu, vefgátt, eða sambærilegu viðmóti er sem hér segir:

Stofngjald / tengigjald kr. 195.900

Mánaðarlegt þjónustugjald kr. 7.800

Gera skal sérstakan samning vegna aðgangs að gögnum úr ársreikningaskrá skv. grein þessari.

3. gr.

Gjald fyrir endurrit eða ljósrít af gögnum úr ársreikningaskrá

Gjald fyrir afhendingu ársreikninga og yfirlitsblaða á pappír er sem hér segir:

Ársreikningur ásamt yfirlitsblaði (allt að 10 bls.) kr. 1.000

Einingaverð umfram 10 blaðsíður kr. 50

4. gr.

Lagaheimild og gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 109. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, xx. maí 2021.